

Umhverfisstofnun
Áb. _____
18. ágú. 2010 10.4.2
Tilv. _____

Landmótun ehf
Yngvi Þór Loftsson
Hamraborg 12 5h
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. ágúst 2010
Tilvísun: UST20100300184/ksj

Tillaga að Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010 - 2022

Vísað er til erindis Landmótunar er barst 30. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010 - 2022.

Náttúruverndarsvæði og hverfisverndarsvæði

Umhverfisstofnun tekur undir greinargóða umfjöllun um náttúruverndarsvæði og stofnunin tekur einnig undir tillögur um hverfisvernd.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna.

Skógrækt

Í skipulagstillögunni kemur fram að skógrækt á vegum Norðurlandsskóga er hafin á 13 jörðum innan sveitarfélagsins og að landgræðsla fer fram á Eyvindarstaðaheiði og Auðkúluheiði. Umhverfisstofnun bendir á að í 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda kemur fram að: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“ Að mati Umhverfisstofnunar ætti að vísa til lagagreinarinnar í skipulaginu.

Efnistökusvæði

Í greinargerð eru talin upp efnistökusvæði í sveitarfélaginu, og hvernig efni er áætlað að taka af hverju svæði fyrir sig. Í skipulagstillögunni kemur fram að: „Einnig skal byggt á fyrirliggjandi áætlunum um þróun og þarfir á skipulagssvæðinu á því tímabili sem skipulagsáætluninni er ætlað að taka til.“ Umhverfisstofnun telur þar af leiðandi að fram þurfi að koma í umfjöllun um efnistökusvæði áætluð efnistaka í stórum dráttum og einnig ef áætlað er að ganga frá efnistökusvæðum á skipulagstímanum.

Frístundabyggð

Varðandi umfjöllun um einstaka frístundabyggðir kemur ítrekað fram að gæta þurfi að fjarlægðum frá ám eða vötnum og að gæta þurfi að frárennslismálum. Umhverfisstofnun telur að framsetning um þessi atriði þurfi að vera nákvæmari. Samkvæmt gr. 4.15.2 vötn, ár og sjór í skipulagsáætlunum, í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er: „Almennt ekki gert ráð fyrir

deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.“ Einnig kemur fram 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd að: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, á-, eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. „ Umhverfisstofnun bendir á að í 13. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur eru ákvæði er varða þau mál og einnig í 16. gr. sömu reglugerðar. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að vísa til ofangreindra laga og reglugerða.

Umhverfisstofnun bendir á að líklega sé ósamræmi milli texta um frístundabyggðasvæði og fjallaskála, í greinargerð annars vegar og númerin á korti hins vegar. Sem dæmi er Álkuskáli F24 á korti en F28 í greinargerð.

Umhverfisáhrif byggðar

Í umfjöllun um umhverfisáhrif byggðar er ósamræmi milli töflu sem sýnir áhrif markmiða skipulagstillögunnar varðandi íbúðasvæði og frístundabyggð á auðlindir vera 0, en í texta eru áhrifin óveruleg/neikvæð, og er nefnt í tillögunni að helst verði áhrifin neikvæð á landslag/ásýnd. Að mati Umhverfisstofnunar ætti því að vera 0/- í ofangreindri töflu um umhverfisáhrif skipulagstillögunnar varðandi íbúðasvæði og frístundabyggð.

Svæði á náttúruminjaskrá

Í kafla um svæði á náttúruminjaskrá er farið yfir þau svæði innan sveitarfélagsins sem eru á náttúruminjaskrá. Svæði 425 er í tillögunni nefnt Hvammsurð í Vatnsdal, en í náttúruminjaskrá ber það heitið Hvammsskriður í Vatnsdal. Umhverfisstofnun bendir á að haft hefur verið samband við stofnunina og því komið á framfæri að svæðið hétu Skriður í Vatnsdalsfjalli. Nafnabreyting verður ekki í skránni fyrr en ný skrá verður auglýst. Einnig er lýsing á mörkum ofangreinds náttúruminjasvæðis ekki samhljóma því sem segir í skránni.

Samgöngur

Í umfjöllun um þverun Vatnsdalsár sunnan Undirfellsréttar kemur fram að áhrif verða á vatnafar þar sem brúa þarf ána, og neikvæð áhrif verða á gróður og dýralíf auk þess sem ásýndarbreytingar verða. Umhverfisstofnun bendir á að við slíka framkvæmd skiptir nánari útfærsla og vönduð vinnubrögð miklu máli.

Raflínur

Gert er ráð fyrir Blöndulínu 3 í skipulagstillögunni. Blöndulína 3 er 220 kV háspennulína frá Blöndustöð til Akureyrar. Framkvæmdin er matsskyld skv. 22. tl. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun vísar í umfjöllun um línuna og mat á umhverfisáhrifum hennar til umhverfismatsferilsins.

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun, Húnavatnshreppur